



Námsáætlun í textílmennt

8. bekkur

Kennari/Kennarar:

Brynhildur Þórðardóttir	brynhildurth@gardaskoli.is
Guðrún Björk Einarsdóttir	gudrunb@gardaskoli.is
Berglind Laxdal Grímsdóttir	berglindla@gardaskoli.is

Kennslustundir á viku:

2 x 55 mín hálf skólaárið

Áfangalýsing

Unnið er markvisst með þróunarverkefnið *Ekki rusl heldur fjársjóður!* Þar sem lögð er áhersla á textílendurnýtingu, sjálfbærni og nemendur kynnast hugtakinu hringrásarhagkerfi og læra það að eldri fatnaður og textíll er ekki rusl heldur skapandi áskorun.

Námsmat:

Námsmat í textílmennt felur í sér símat sem byggir á vinnu í tímum, hegðun, sjálfstæði, umgengni og vinnusemi, sköpun og frumleika, hönnun og frágang verkefna. Leiðsagnarmat gildir í list- og verkgreinum Garðaskóla sem þýðir að það er á ábyrgð nemenda að skrá verkefni á eyðublað sem kennari útvegar og í kjölfarið er samtal og sjálfsmat með kennara eftir að hverju verkefni lýkur. Gefnar eru hæfnieinkunnir í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla með áherslu á lykilhæfnipættina sköpun, gagnrýna hugsun og sjálfbærni.

LOTA 1 – Stofan, þjálfun á saumavélar, sjálfbærni og kynning 23.8. – 23.9.		
Viðfangsefni	Námsefni og námsmat	Hæfniviðmið
Stofan	Þekkja hvar allt er	Geta þjargað sér sjálf með verkfæri
Handverk	Saumavélaprufa	Geta beitt áhöldum greinarinnar og læra grunnatriði við saumaskap
Aðferðir	Saumur og grunnfærni	Geta beitt áhöldum greinarinnar og unnið sjálfstætt við saumaskap
Tækni	Saumavélar	Geta beitt áhöldum greinarinnar
Sjálfbærni	Endurtekið á RÚV	Læra um sjálfbærni, endurnýtingu og hringrásarhagkerfið

**LOTA 2 – Textílaðferðir og litun, tölvupoki og snyrtitaska**
24.9. – 23.10.

Viðfangsefni	Námsefni og námsmat	Hæfniviðmið
Textílaðferðir	Gera prufur með mismunandi textílaðferðum	Þekkja helstu textílaðferðir og læra að beita þeim í grunnatriðum
Skylduverkefni	Gera tölvupoka eða snyrtitösku á frumlegan og persónulegan hátt	Þróað og unnið verkefni út frá eigin hönnun frá hugmynd til lokaafurðar
Litunaraðferðir	Gera prufur með mismunandi litunaraðferðum	Læra einfaldar litunaraðferðir sem hægt er að beita með lítilli fyrirhöfn og litlum tilkostnaði

LOTA 3 – Textílendurnýting og textílefnakynning
24.10. – 21.11.

Viðfangsefni	Námsefni og námsmat	Hæfniviðmið
Textílaðferðir	Gera prufur með mismunandi textílaðferðum	Þekkja helstu textílaðferðir og læra að beita þeim í grunnatriðum
Textíl- og fataendurnýting	Kynning á helstu aðferðum sem notuð eru við textíl- og fataendurnýtingu	Læra helstu aðferðir sem notaðar eru við endurnýtingu á textílum og fatnaði, læra um fatabreytingar og einfaldar lausnir í þessum efnum
Textílefnakynning	Kynning á helstu textílefnum sem eru í notkun í heiminum	Læra um uppruna textílefna, vinnslu þeirra og notkun í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd

LOTA 4 – Textílaðferðir og valverkefni
24.11. – 19.12.

Viðfangsefni	Námsefni og námsmat	Hæfniviðmið
Valverkefni	Hanna og skapa verkefni að eigin vali	Þróað valverkefni á frumlegan og skapandi hátt eftir eigin hönnun
Aukaverkefni	Hanna og skapa aukaverkefni	Þróað og unnið aukaverkefni út frá eigin hönnun frá hugmynd til lokaafurðar

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Nauðsynlegt er að nemendur mæti vel undirbúnir og með námsgögn í kennslustundir.



Vinna fagdeildar með *grunnþætti menntunar*

Sköpun	Unnið er markvisst með sköpun í textílmennt og nemendur hvattir til að sýna frumkvæði og áræðni, leita nýrra leiða og prófa sig áfram.
Jafnrétti	Allir eiga að hafa jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína. Leitast er við að brjóta upp hegðun sem vinnur gegn jafnrétti.
Læsi	Uppskriftalæsi, lesið sér til gagns í sambandi við textílefni og miðlað til annara. Leitað upplýsinga og fundið lausnir.
Lýðræði og mannréttindi	Vakin er athygli á samábyrgð og sjálbærni í textíl. Umræður um hvað er til ráða og tillögur af lausnum.
Heilsa og velferð	Unnið að því að byggja upp jákvætt viðhorf og ýtt undir styrkleika.
Sjálfbærni	Unnið er markvisst með þróunarverkefnið <i>Ekki rusl heldur fjársjóður!</i> þar sem nemendur læra að eldri fatnaður og textíll er ekki rusl heldur skapandi áskorun. Í tengslum við kynningu í efnisfræði þá er unnið með uppruna og eiginleika efna, hvernig þau verða til og hvaða umhverfisáhrif textíliðnaðurinn hefur.

Vinna fagdeildar með *lykilhæfni*

Tjáning og miðlun	Geta tjáð sig á skapandi hátt með efni og áhöldum greinarinnar. Þekkja helstu hugtök og geta rætt, kynnt og vakið áhuga á margskonar viðfangsefnum sem unnið er með.
Skapandi og gagnrýnin hugsun	Þekkja umhverfisáhrif textíliðnaðarins og margvíslegar skapandi leiðir til að sporna við textílsóun. Hanna, skapa og þróa eigin hugmyndir og útfæra þær í fullgerða loka afurð.
Sjálfstæði og samvinna	Taka frumkvæði í námi sínu og leggja sig fram um að vinna á sjálfstæðan hátt eftir eigin hönnun og hugmynd. Vinna í góðri samvinnu við aðra í verkefnum og að frágangi stofunnar. Geta bjargað sér með áhöldum og tækni greinarinnar.
Nýting miðla og upplýsinga	Geta notað fjölbreytta miðla á ábyrgan hátt og nýtt sér verk annara til innblásturs og hugmynda.
Ábyrgð og mat á eigin námi	Sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og geta metið eigið vinnuframlag á ábyrgan hátt. Geti skipulagt vinnutímann og borið ábyrgð á eigin námi og sett sér raunhæf markmið um hvernig á að ná þeim.



Garðaskóli 2025-2026